

## Hækkun á verði lambakjöts

Norðenska birtir nú fyrst sláturleyfshafa verðskrá fyrir sumar- og haustslátrun sauðfjár. Verulegar hækkunir eru á verðum allra flokka, en sérstök hækkun er á hóflega feitum gæðaföllum. Meðalhækkun verðskrár frá síðasta hausti er um 10% og er verðskráin mjög sambærileg við útgefið viðmiðun-arverð LS. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða hækkar meðalverð dilka-kjöts til bónda í hefðbundinni sláturtíð því um nálægt 13%.

Álag Norðenska vegna sumarslátrunar hækkar verulega og einnig álag Markaðsráðs. Sumarslátrun dilka er því vænlegri kostur en áður, en frekari umfjöllun þar um er að finna á öðrum stað í fréttabréfinu. Kjöt af fullorðnu (F-flokkar) hækkar nálægt 17% en góð sala hefur verið í þeim flokkum, m.a. vegna skorts á nautakjöti.

Fyrir innlegg í sumarslátrun er greitt að fullu á föstudegi í viku eftir innlegg.

## Skil á sláturfjárloforðum

Norðenska óskar eftir að bændur sendi inn sláturfjárloforð eins fljótt og auðið er, en þar til gert eyðublað fylgir þessu fréttabréfi. Einnig er unnt að nálgast eyðublaðið á heimasíðu Norðenska – [www.nordlenska.is](http://www.nordlenska.is) undir Bændur/Eyðublað. Hægt er að prenta eyðublaðið út af vefnum og senda sláturfjárloforð til Norðenska í pósti eða á faxi. Faxnúmer á Húsavík er 460 8881 en á Höfn 460 8871. Einnig er auðvelt að senda gögnin rafrænt gegnum vefinn.

Forsenda fyrir að unnt sé að setja upp trausta áætlun um haustslátrun er að sláturfjárloforðin skili sér frá bændum. Vert er að taka fram að óskað er sláturfjárloforða jafnt frá félagsmönnum Búsældar og öðrum innleggjendum.

## Sumarslátrun Norðenska

Á Húsavík er stefnt að dilkaslátrun einn dag í viku 33 (14. – 18. ágúst). Síðan er gert ráð fyrir að dagleg slátrun hefjist 23. ágúst og verði óslitin þaðan í frá ef nægur fjöldi dilka fæst. Venjubundin slátrun samkvæmt niðurröðun hefst væntanlega 4. september.

Á Höfn í Hornafirði verður einnig boðið upp á sumarslátrun en fjöldi daga fer eftir þátttöku. Hefðbundin slátrun hefst þar um 11. september.

Einnig er gert ráð fyrir sumarslátrun í Búðardal, en hún ræðst af því hver þátttakan verður.

## Flutningur sláturfjár

Norðenska mun annast flutning sláturfjár að sláturhúsi, nema um annað sé samið.

Skipulagning flutninga verður óbreytt frá fyrra ári og flutningsaðilar verða þeir sömu og önnuðust flutninga sláturfjár haustið 2005.

### Verðlagning 2006

Holdfylling	Fituflokkar					
	1	2	3	3+	4	5
DE	388	388	375	340	245	209
DU	372	372	355	328	240	209
DR	342	353	336	282	216	209
DO	310	340	286	274	216	209
DP	265	265	265	265	216	209
VP	209					
VR			246		209	
VHR			61		49	
VHP	49					
FP	40					
FR			100		42	

Birt með fyrirvara um prentvillur

### Álagsgreiðslur og útflutningur 2006

Álag er greitt á eftirtalda flokka: E-U-R 1-2-3 og O 1-2

	Greiðsla Markaðsráð kr/dilk	Sumarálag Norðenska kr/kg	Greiðsla útfl. kjöts kr/kg	Útflutningshlutfall
7. – 11. ágúst	1.300	75	220	4%
14. – 18. ágúst	1.100	58	220	4%
21. – 25. ágúst	800	42	220	4%
28. ág. – 1. sept.	500	32	220	4%
4. – 8. sept.	200	30	220	4%
10. sept – 11. nóv.			220	10%

Birt með fyrirvara um prentvillur

## Slátrun á fullorðnu fé

Norðenska mun skoða þann möguleika að taka fullorðið fé til slátrunar í einhverjum mæli með lambaslátruninni svo unnt sé að vinna þann hluta af fullorðna kjötinu án frystingar til að lágmarka rýrnun og frystipláss.

Athygli bændu er vakin á þeim mikla verðmun sem er á FR3 og FR4 og minnt á að geldar ær fitna hratt á haustin.

# Uppruni vinnslunnar í Kjötþúð KEA

Í húsakynnum Norðlenska við Grímseyjargötu á Akureyri hefur verið rekin kjötvinnsla frá því byggingu hússins lauk árið 1966.

Leifur Ægisson hefur verið vinnslustjóri þar frá 1986 en verkstjóri frá 1969. Umsvif kjötvinnslunnar hafa vaxið hratt á undanförunum árum en starfsþrek Leifs ekki aukist með sama hraða að hans sögn, enda kominn á sjötugsaldurinn. Leifur hefur því óskað eftir að fara í starf sem minni erill fylgir og mun frá komandi hausti starfa við vörubrúun og gæðaeftirlit hjá Norðlenska.

Fréttabréfið spjallaði við Leif í tilfni breytinganna.

Leifur er fæddur á Hjalteyri 16. ágúst 1945, sonur Þórönnu Rögnvaldsdóttur sem ættuð var af Höfðaströnd í Skagafirði og Ægis Sæmundssonar sem var fæddur á Hjalteyri og starfaði þar sem sjómaður og verkamaður.


Á Hjalteyri, höfuðvígi stórúterðar-fyrirtækisins Kveldúlfs á Norðurlandi, snerist lífið um síld og sjósókn og því þótti sjálfsgagt að Leifur færi 14 ára á síld og var það hans sumarvinna næstu 5 sumur.

Að loknu gagnfræðaprófi sótti Leifur um inngöngu í Samvinnuskólann og þótti mörgum undarlegt að piltur úr íhaldshreiðrinu á Hjalteyri leitaði þangað.

Ekki lá þó fyrir Leifi að gerast framsóknarmaður því umsóknir um skólann voru 120 en aðeins laus pláss fyrir 25 nýnema og náði Leifur ekki inn í þann hóp við inntökupróf. Að loknu einu ári í millilandasiglingum var hann farandverkamaður einn vetur. Sigldi hann með strandferðaskipi milli sjávarpláss og vann í fiski þar sem mest aflaðist og hefði ekki viljað missa af þeirri reynslu af mannlífi og verklagi. Leifur stefndi að menntun til sjómennsku en réði sig þó í vinnu hjá Pylsugerð KEA í Grófargili til skamms tíma og hóf störf 1. febrúar 1965. Líkaði honum starfið vel, fór fljótlega á samning, lauk sveinsprófi í kjötiðnaði 1968 og hefur starfað á þeim vettvangi óslitið síðan.

Pylsugerð KEA, sem raunar var alhliða kjötvinnsla, átti uppruna í Kjötþúð KEA en var komin í Gilið fyrir stríð og fékk aukna möguleika við flutning í nýtt húsnæði á Eyrinni 1966. Því húsnæði hefur lítið verið breytt síðan en tækjabúnaður hefur gjörbreytst. Þótt handbrögð við úrbeiningu og kjötskurð séu svipuð hefur tæknin létt öll störf. Þannig fer nú öll söltun fram í vacum-tromlum og saltast kjötið á fáeinum klukkustundum, pökkuð og verðmerking kjötsins er nánast sjálfvirk og þannig mætti lengi telja.

Nýja vinnslulínan frá Marel, sem



Leifur Ægisson, vinnslustjóri Norðlenska.

tekin var í notkun 2003 er að sögn Leifs algjör bylting. Línan auðveldar alla vinnslu en sem fyrr er lögð þung áhersla á hreinlæti og vöruvöndun í öllum vinnsluferlum.

Mönnun vinnslunnar hefur verið miserfið eftir atvinnuástandi og eru nú um 20% starfsfólks af erlendum uppruna og gefur það landanum ekkert eftir.

Miklar breytingar hafa orðið á mörkuðum og vinnsluvörum í starfstíð Leifs. Lítið var selt út fyrir Eyjafjarðarsvæðið fyrir 1970 en þá hófst niðursuða kjötvara sem var upphafið að sölu sunnan heiða og nú fara um 80% framleiðslunnar á markaði utan Norðausturlands. Mikil aukning hefur orðið í

vinnslu og sölu svína- og nautakjöts og samfara því mjög aukin ferskvörusala. Fram undir 1980 voru flestar vörur seldar frosnar en nú er lítið selt frosið nema helst unnið kjöt í skipakost.

Verulegar breytingar urðu á starfsemi við sameiningu slátrunar og kjötvinnslu á Akureyri og Húsavík um síðustu aldamót undir merkjum Norðlenska. Þá var verkum í slátrun og vinnslu í meginatriðum skipt þannig að slátrun og vinnsla nautgripa og svína fór fram á Akureyri en sauðfjár á Húsavík. Umsvifin í höfuðstöðvunum í Grímseyjargötu jukust enn þegar kjötvinnsla Norðlenska í Faxafeni í Reykjavík var flutt norður í maí 2005, en öll ferskvöruvinnslan fór þá til Akureyrar en vinnsla á forelduðum mat var eftir sem áður á Húsavík.

Lokað var í Faxafeni á föstudegi og hófst vinnsla á mánudegi fyrir norðan, engin vandamál, sem kalla má því nafni, komu upp við flutningana að sögn Leifs og ferskvörusalan hefur fyllilega haldist.

Norðlenska er nú að auka vinnslu og sölu tilbúinna rétta enda fer eftirspurn eftir þeirri vöru ört vaxandi, ekki síst í mótuneyti og stofnanaeldhús. Þannig er söluaukning á fyrstu 5 mánuðum þessa árs miðað við sömu mánuði á síðasta ári um 20%. Leifur spáir að sú þróun haldi áfram og því séu þar miklir framtíðarmöguleikar.

## Útflutningur dilkakjöts til USA í uppnámi

Norðlenska hefur frá stofnun (áður Goði) unnið að uppbyggingu markaða fyrir dilkakjöt í USA. Þrátt fyrir erfiðleika vegna strangrar skoðunar innflutningsfirvalda hefur verkefnið í heild gengið samkvæmt áætlun. Varan hefur uppfyllt væntingar kaupenda og bæði verð í dollurum og magn þokast upp á við ár frá ári. Lágt gengi dollars hefur þó valdið því að útflutningurinn hefur hvorki skilað bændum né Norðlenska þeim ávinningi sem vænt var og þau markmið að ná innanlandsverði til bænda hafa ekki nálgast enda verulega verðhækkunar á innlendum markaði.

Á síðasta ári var afkoma Norðlenska af Ameríkuútflutningi mun lakari en af öðrum útflutningi dilkakjöts. Bestu útflutningsmarkaðir Norðlenska eru nú Færeyjar, Bretland og sala til Flugeldhúss á Keflavíkurflugvelli, sem telst til útflutnings. Þessir þrjú markaðir rúma í raun alla útflutningsskyldu Norðlenska vegna slátrunar 2006, sem

verður nálægt 150 tonnum. Til samanturðar var útflutningsskylda Norðlenska 2005 um 295 tonn og óútflutt frá fyrra ári voru 68 tonn þannig að heildarútflutningur nam 370 ígildistonn. Þar af fóru 195 ígildistonn á Ameríkumarkað. Norðlenska hefur annast hluta útflutnings fyrir Fjallalamb og er sá útflutningur innifalinn í framangreindum tölum.

Norðlenska mun því augljóslega flytja minna á alla sína útflutningsmarkaði á komandi mánuðum og jafnvel þótt Ameríkumarkaður (lakasti markaðurinn nú) héldi hlutfallslega sínu væri samdráttur þó úr 195 ígildistonn í 80 tonn (um 40 tonn af unniðni vöru).

Leitað hefur verið til annarra sláturleyfishafa um að taka þátt í útflutningi til Ameríku á komandi hausti. Hafa þeir allir hafnað því nema Fjallalamb sem hefur boðist til að taka þátt í verkefninu með því að fela Norðlenska hluta síns útflutnings.

# Val á sláturtíma

Vegna góðrar sölu lambakjöts síðustu mánuði er aukin dilkaslátrun í ágúst æskileg. Þótt aðstaða bænda til slíkrar slátrunar sé misjöfn hafa þó margir bændur möguleika á að slátra einhverjum hluta lamba sinna í ágúst. Hagkvæmni þess ræðst af mörgum þáttum, m.a. þunga og ástandi dilkana, greiðslum fyrir þá eftir tímabilum, magni og gæðum haustbeitar og fyrirhöfn og kostnaði við slátrun.

Gerð hefur verið tilraun til að meta hvað fæst fyrir fall tveggja dilka á mismunandi tímum miðað við ákveðnar forsendur um þungabreytingar og flokkun lambanna, sbr. meðfylgjandi töflu.

Þungabreytingar lambanna eru vandmetnar, enda mjög háðar veðurfari og gæðum beitar. Flokkun lambanna ræður augljóslega miklu um hvaða verð fæst fyrir þau. Meginniðurstaðan virðist að ekki er hagkvæmt að slátra

lömbunum fyrr en þau eru nægilega þroskuð til að ná upp fyrir O flokk og vegna álagsgreiðslna getur verið hagkvæmara að slátra 13 kg lambi í ágúst en þyngja lambið um 5 kg og slátra því í október.

Við val á sláturtíma skiptir ef til vill mestu máli að meta möguleika lambanna á vexti fram eftir hausti, því stöðvist vöxtur vegna lélegrar beitar rýrna fallþungi og kjötgæði fljótt.

## Áhrif sláturtíma lamba á skilaverð til bónda

Sláturdagur	Fallþungi kg.	Flokkun	Grunnverð slátruhúss	Álag slátruhúss	Álag . Markaðsráðs	Skerðing v. útflutn.	Álag v. gæðastýr.	Greitt til bónda
15. ágúst	13	R 2	4589	754	1100	-65	975	7353
15. ágúst	13	O 1	4030	754	1100	-65	975	6794
30. ágúst.	14	R 2	4942	448	500	-70	1050	6870
30. ágúst.	14	O 2	4760	448	500	-70	1050	6688
15. sept.	15	U 3	5325			-180	1125	6270
15. sept.	15	R 2	5295			-180	1125	6240
15. okt.	18	U 3+	5904			-216	1350	7038
15. okt.	18	R 3	6048			-216	1350	7182

## Barist um hvern bita

Góð sala á kjöti síðustu misseri samfara samdrætti í framleiðslu svína- og nautakjöts hefur leitt til harðnandi samkeppni milli sláturleyfishafa um innlegg bænda. Slík samkeppni birtist í ýmsum myndum, jafnvel slagorðum og dylgjum frá einstökum sláturleyfishöfum.

Bændur munu tæpast uppnæmir fyrir slíku því þá skiptir mestu gott verð fyrir afurðir, slátrun á heppilegum tíma og öryggi í afsetningu afurðanna í sjáanlegri framtíð.

Norðlenska starfar fyrir bændur og er stjórnad af þeim og hefur því lagt áherslu á þessa meginþætti með eftirfarandi hætti:

Verðsamkeppni er ekki virk nema verð séu birt og er verð Norðlenska fyrir nauta- og hrossakjöt jafnan að finna á heimasíðu fyrirtækisins. Sumarið 2005 reið Norðlenska á vaðið varðandi verðlagningu kindakjöts þegar það birti verðskrá sína fyrir sumar- og haustslátrun sauðfjár. Sú verðskrá breytti stöðu sauðfjárræktarinnar, enda í fyrsta sinn sem sláturleyfishafi bauð samþærilegt verð við verðskrá Landssamtaka sauðfjærbænda. Að sjálfsögðu tóku verðskrár annarra sláturleyfishafa mið af verðskrá Norðlenska þegar þær birtust sem aftur kallaði á smávægilegar

breytingar á verðskrá Norðlenska. Því ákvað Norðlenska í ár að bíða og sjá hvort aðrir sláturleyfishafar treystu sér til að ríða á vaðið varðandi verðlagningu kindakjöts 2006. Svo reyndist ekki og ríður því Norðlenska aftur á vaðið með þeirri verðskrá sem birt er hér í fréttabréfinu.

Norðlenska býður upp á slátrun sauðfjár á Húsavík, Höfn í Hornafirði og Búðardal og er samanlögð dagslátrun í húsunum þremur yfir 4000 dilkar. Dilkaslátrun ætti því að geta lokið um 20. október og jafnvel fyrr á Hornafirði og í Búðardal. Slíkt skiptir máli í rýsjótri hausttíð.

Þótt sala á kjöti gangi vel um þessar mundir er auðveld afsetning kjöts ekki sjálfgefin. Það þekkjja framleiðendur svína- og nautakjöts allt of vel. Yfirstandandi tollaumuræða veldur bændum áhyggjum og flestum mun ljóst að breytist tollar á innfluttar landbúnaðarafurðir kann öflug kjötvinnsla og traust staða merkjavöru á markaði að skipta sköpum varðandi afsetningu kjöts. Gagnkvæmir viðskiptasamningar milli bænda og sláturleyfishafa með slíka markaðsstöðu eru því góður kostur fyrir báða.

## Samræming kjötmats

Nokkurrar óánægju hefur gætt varðandi mat dilkakjöts í haustslátrun á undanförunum árum og því oft haldið fram að verulegur munur væri á kjötmati milli húsa.

Haldið er námskeið kjötmatsmanna á hverju hausti til samræmingar matsins og auk þess fara yfirmatsmenn milli húsa og meta með heimamönnum og líta eftir mati.

Ákveðið hefur verið að fjölga yfirmatsmönnum og jafnframt heim sóknum þeirra í einstök slátruhús. Gert er ráð fyrir að þeir dvelji 1–2 daga í senn í hverju húsi. Sérstaklega verður gætt að innbyrðis samræmi kjötmatsmanna í hverju húsi, bæði í holdfyllingar- og fitumati. Í fyrstu var áformað að flytja kjötmatsmenn slátruhúsanna kerfisbundið milli húsa en slíkt reyndist óframkvæmanlegt vegna aðstæðna flestra matsmanna.

Þess er vænst að þessar aðgerðir skapi betri sátt um það matskerfi sem í gildi er og þegar hefur skilað verulegum árangri í kynbótum sauðfjár og bættum kjötgæðum.

# Um tengsl Búsældar og Norðlenska

Vegna síendurtekinna rangfærslna um eðli og tilgang Búsældar ehf. og viðskiptasamninga félagsmanna þess við Norðlenska fer hér á eftir upprifjun varðandi málefnið:

**Tilgangur með stofnun og rekstri Búsældar var og er enn „að efla hag félagsmanna með því að eiga hlut að starfrækslu á slátrun búfjár, vinnslu og sölu búfjárafurða“.**

Félagið á nú hlutafé í Norðlenska að nafnverði 217 milljónir sem eru 39,5% af hlutafé þess. Kaup Búsældar á hlutafé í Norðlenska hafa verið fjármögnuð að stærstum hluta með lántökum sem félagar í Búsæld greiða niður með kaupum sínum á hlutafé í félaginu. Bændur eignast þannig aukinn hlut í Norðlenska og stefnir Búsæld á meirihlutaeign í félaginu.

Félagar í Búsæld leggja nú 3,4% af andvirði afurðainnleggs til hlutafjárkaupa og gera jafnframt gagnkvæma við-

skiptasamninga við Norðlenska. Samningarnir fela í sér að bændur skuldbinda sig til að leggja kjötafurðir sínar eða ákveðinn hluta þeirra inn hjá Norðlenska sem á móti skuldbindur sig til að taka við afurðunum. Skulu afurðaverð og greiðslukjör „taka mið af því sem almennt gerist í viðskiptum milli framleiðenda og annarra afurðastöðva“. Jafnframt skulu félagsmenn Búsældar „njóta forgangs um slátrun og afsetningu afurða“.

**Nauðsynlegt virðist að taka fram að allir bændur eru velkomnir í viðskipti við Norðlenska og hlutafjárframlög og gagnkvæmir viðskiptasamningar eru alls ekki skilyrði fyrir þeim viðskiptum.** Hins vegar er reynslan sú að félagsmönnum Búsældar fjölga stöðugt og eru nú um 520 og þeir munu teljandi á fingrum annarrar handar sem sagt hafa upp gagnkvæmum viðskiptasamningum.

## Hver bóndi á sitt hólf á vefnum

Heimasíða Norðlenska, [www.nordlenska.is](http://www.nordlenska.is), er fjölþætt svo sem vænta má hjá öflugum fyrirtæki. Meginmarkmið með heimasíðunni eru miðlun upplýsinga og þjónusta við viðskiptavinum Norðlenska, jafnt þá sem leggja fyrirtækinu til hráefni og þá sem kaupa og neyta vinnsluvara þess.

Þjónusta við bændur er margþætt, þar er að finna gildandi verðskrár fyrir þær tegundir og flokka sem Norðlenska kaupir, einnig eyðublöð vegna slátrunar og önnur þegar við á.

Ekki mun öllum bændum kunnugt að þeir bændur sem leggja inn hjá Norðlenska eiga á heimasíðunni sérstakt hólf sem þeir einir eiga aðgang að. Þar er að finna allar upplýsingar um viðskipti þeirra við Norðlenska á undanförunum árum en einnig innlegg hvers dags og flokkun þess. Því geta bændur, jafnan innan klukkutíma frá því slátrun þeirra gripa lýkur (jafnt sauðfé, nautgripir og svín), séð þunga og flokkun í viðkomandi slátrun. Númer og fallþungi hvers grips eru einnig færð inn og kemur sú skrá fram þegar smelt er á sláturdagsetningu í fremsta dálki töflunnar. Sauðfjárþændur geta sótt hverja slátrun í heild og keyrt raf-rænt inn í Fjárvísi.

Til að komast inn í einkahólf þarf bóndinn að velja reitinn „Bændur“ á heimasíðunni, þá birtist orðið „Bændur“ með stóru letri í hvíta glugganum og fyrir neðan fjórir möguleikar og skal velja þann aftasta, „Bændavefur“. Síðan þarf að slá inn kennitölu innleggjanda í reitinn „notandi“ og í reitinn „lykilorð“ fer 9 tölustafa lykill sem hver innleggjandi þarf að fá frá Norðlenska (hringja í Svölu). Að þessu loknu er ýtt á „innskrá“ og opnast þá hólf bóndans með þeim upplýsingum

sem taldar eru hér að framan og raunar fleirum. Ekki skiptir máli hvort slátrað er á Akureyri, Húsavík, Hornafirði eða Búðardal.

Vonandi hafa bændur margs konar hagræði af því að nýta þessa þjónustu, sláturupplýsingar berast bónda strax eftir slátrun þótt hann sé fjarri og allar upplýsingar sem þörf er á vegna skattskila eru á vísun stað.

Norðlenska hvetur bændur til að nýta sér vefinn.



## Frá Búsæld

Félögum í Búsæld fjölgaði verulega á síðsta ári en innlegg þeirra í kílóum kjöts hefur þó ekki vaxið á fyrri hluta ársins miðað við sömu mánuði fyrra árs. Afurðaverð hefur hins vegar hækkað verulega. Hlutafjárstöfnun hefur því verið ívið meiri á fyrri hluta þessa árs en var fyrri hluta síðasta árs þrátt fyrir lækkun hlutafjárframlags úr 4,0% í 3,4%. Greiðslur í Búsæld voru á þessu tímabili 8,6 milljónir á móti 8,5 milljónum á síðasta ári. Styrkir þetta stöðu félagsins við fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi Norðlenska á árinu 2007.

Nokkur umræða hefur verið um mögulega aðkomu Búsældar að viðskiptum með fóðurvörur og áburð. Víst er að samkeppnishæfni búrekstrar bæði gagnvart innlendum samkeppnisaðilum og erlendum ræðst ekki síst af kjarnfóður- og áburðarverði. Þótt ætla megi að virk samkeppni geti tryggt hagstætt verð aðfanga hefur reynslan sýnt að hlutafélög á markaði þjóna fyrst og fremst eigendum sínum.

Nýleg lækkun tolla á innfluttum fóðurblöndum auðveldar nýjum aðilum viðskipti með kjarnfóður. Þar með er ekki verið að segja að Búsæld skuli gerast innflytjandi kjarnfóðurs enda slíkt vandmeðfarið á viðlendu félagssvæði en endurtekið að samkeppnishæfni framleiðenda veltur ekki síst á kjarnfóðurverði.

Vegna skorts á nauta- og svínakjöti á síðustu mánuðum og harðnandi samkeppni hafa einhverjir félagsmenn Búsældar farið með hluta innleggs til annarra aðila. Þótt minniháttar frávik breyti ef til vill ekki miklu, verður þó að hafa í huga að sameiginleg markmið félaga Búsældar um öryggi í afsetningu og viðunandi verð til framtíðar velta á samstöðu félagsmanna um rekstur Norðlenska. AT